

Umhverfisstofnun
Guðríður Þorvarðardóttir
forstöðumaður náttúruverndarsviðs
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. september 2010
2010060005/42-0
TB
jgo/tb

Friðlýsing á Geysissvæði


Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 14. júlí sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á drögum að skilmálum fyrir friðlýsingu hluta af Geysissvæðinu í Haukadal.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir athugasemd við að í 8. gr. friðlýsingarskilmálanna *Landnotkun og mannvirkjagerð* er ekki gert ráð fyrir umsögn fagstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, varðandi hvort einstakar framkvæmdir sem hugsanlega verða leyfðar sbr. 38. laga um náttúruvernd hafi áhrif á verndargildi svæðisins. Í þessu sambandi er vísað til e liðar 4. gr. laga nr. 60/1990 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur en þar segir um hlutverk Náttúrufræðistofnunar: *að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna.* Það er hlutverk Náttúrufræðistofnunar að leiðbeina um landnotkun og mannvirkjagerð en lög um náttúruvernd tryggja ekki aðkomu Náttúrufræðistofnunar í málum er varða framkvæmdir á friðlýstum svæðum eins og þau eru í dag.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Umhverfisiráðuneytið

